

Borgarstjórn

***Viðauki við fjárhagsáætlun vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks árið 2015***

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um kr. 70.000.000 árið 2015 vegna breytinga á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Breytingin færir á kostnaðarstað F3650 og verði fjármögnuð af handbæru fé. Breytingin hefur þau áhrif að rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs, A-hluta og samstæðu verður kr. 70.000.000 lakari en áætlað hafði verið og handbært fé lækkar sem því nemur.

**Greinargerð:**

Fyrir liggur tillaga um breytingu á kostnaðarskiptingu á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks, sbr. mál nr. R15020056 sem felur í sér ofangreindan kostnaðarauka fyrir Reykjavíkurborg og nánar er gert grein fyrir í fylgigögnum hennar.

S. Björn Blöndal  
e.u.